

RANNSÓKN Á “KIRKJU ÖRLYGS” Á ESJUBERGI.

Sumarið 1981

Guðmundur Ólafsson



Mynd 1. Horft til suðurs yfir rústaleifarnar sem rannsakaðar voru. Stóru steinarnir eru úr tóftinni.

Inngangur

Í Sturlubók Landnámu og Kjalnesingasögu er þess getið að Örlygur gamli hafi látið reisa kirkju á Esjubergi á Kjalarnesi. Ef ritheimildirnar hafa við einhver rök að styðjast ætti kirkja Örlygs að hafa verið ein af allra fyrstu kirkjum sem reistar voru á Íslandi ("Landnámabók," 1968:4). Það liggur því í augum uppi að mörgum þætti rannsókn á þeirri kirkju afar forvitnileg. Það heyrir líka sögunni til að skammt austan við bæinn er greinileg rúst eftir litla byggingu, sem menn hafa að minnsta kosti frá síðari hluta 19. aldar talið vera leifar kirkju Örlygs.

Á friðlýsingarskjali sem dagsett þann 25.10. 1930 segir að á Esjubergi sé friðlýstur *kirkjugrunnur, forn, skammt austur frá bænum*. minjar sem fornminjar og var friðlýsingarskjalinu þinglýst 17.11. 1938. (*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, 1990). Friðlýsingin byggir á greinargerð Brynjólfs Jónssonar um staðinn (Árb. 1902:33-35).

Fornleifarannsókn á Esjubergi

Í tilefni af kristniboðsári árið 1981 komu kirkjunnar menn á framfæri eindregnum óskum við þjóðminjavörð um að hann hlutaðist til um að fram færi rannsókn á svonefndri “kirkju Örlygs” á Esjubergi. Einnig hafði Björn Þorsteinsson prófessor lengi haft áhuga á því að þessar minjar væru rannsakaðar. Í ljósi þess að litlar rannsóknir höfðu þá farið fram á kirkjubyggingum almennt, ekki síst frá upphafi kristni hér á landi og að kirkjurannsókn hafði lengi verið á verkefnalista þjóðminjasafnsins, þótti þjóðminjaverði þarna vera komið ágætt tilefni til að gera eina slíka rannsókn.

Undirritaður hóf því undirbúning að rannsókn á staðnum m.a. með söfnun heimilda og 7. júní 1981 var lítil flugvél tekin á leigu og flogið var yfir Kjalarnesið og fleiri minjastaði í nágrenni Reykjavíkur til að taka af þeim ljósmyndir úr lofti. Teknar voru bæði svart/hvítar myndir, litmyndir, slidesmyndir og innrauðar ljósmyndir af stöðunum. Markmiðið var m.a. að gera samanburð á því hversu vel fornleifar á jörðu niðri sæjust á mismunandi gerðum loftmynda. Því miður reyndust loftmyndirnar frá Esjubergi nánast ónothæfar vegna þess að rústinar voru svo ógreinilegar úr lofti í skriðulandinu.

Ráðnir voru tveir starfsmenn til þess að taka þátt í rannsókninni með undirrituðum, fornleifafræðingurinn Barði Valdimarsson, og Þorvaldur Friðriksson fornleifafræðinemi.



Mynd 2. Horft til vesturs yfir rústasvæðið á Esjubergi. Fremst er “kirkjugarðurinn”, sem líklega er nátthagi. Ofarlega til hægri eru rústaleifar “Kirkju Örlygs” og efst fyrir miðju eru húsín á Esjubergi.



Mynd 3. Mannvistarlæg undir gólfi svonefndrar kirkjutóftar. Svarta gjóskulagið sem sést undir hellunum er líklega Katla 1500.

Rannsóknin hófst 10. júní og var rannsóknarsvæðið í skriðum um 150 – 180 m austan við bæinn, þar sem bent hafði verið á að kirkjurústin væri. Þar voru allmargir stórir steinar sem mynduðu nokkurs konar hellugólf. Þetta voru taldar leifar kirkjunnar og þar hjá var ferhyrndur garður, sem talinn var vera kirkjugarður.

Aðstæður til fornleifarannsóknar á Esjubergi virtust í fyrstu vera nokkuð góðar og grunnt niður á mannvistarlæg. Menn þóttust nokkuð vissir um að það væri hreinlega hægt að ganga beint að kirkjurústinni og að auðvelt yrði að grafa hana upp. Annað átti þó eftir að koma í ljós og urðu niðurstöðurnar allt aðrar en við höfðum gert okkur í hugarlund. Byrjað var á því að taka sniðskurð niður með hellulögninni til þess að reyna að átta sig á innbyrðis samhengi hleðslunnar í jarðveginum og þá reyndist allur jarðvegur vera mjög grýttur eftir skriðuföll. Brátt kom í ljós að þessar minjar voru ekki frá landnámsöld, heldur miklu yngri, þannig að fljótlega varð ljóst að hellugólfið gat ekki verið leifar af kirkju Örlygs.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að steinhleðslurnar sem bent hafði verið á og taldar höfðu verið leifar kirkjunnar a.m.k. allt frá lokum 19. aldar, reyndust að öllum líkindum hafa verið frá 16. eða 17. öld. Þ.e. a.s. ekki eldri en 300 – 400 ára gamlar. Gjóskulag sem lá undir steinum í hellugólfinu er líklega úr Kötlu 1500. Litla tóftin sem bent var á sem kirkju Örlygs er hugsanlega yngri en skriðurnar. Nokkru neðar, í jarðveginum undir hellunum, voru mannvistarlæg sem bentu til eldri byggðar, sem gæti hafa staðið þar allt frá 11. eða 12. öld. Þetta voru móöskudreifar og viðarkolaaska, sem benda frekar til íveruhúsa en kirkju.

Hugsanlega hefur bærinn áður staðið nálægt þessu svæði, en verið fluttur eftir skriðuföllin. Engin mannvistarlög fundust þó á svæðinu sem hægt var að aldursgreina til landnámsaldar, þannig að upphaflega hefur bærinn staðið á öðrum stað.

Jarðfræðingarnir Sigurður Þórarinsson og Guðrún Larsen komu í heimsókn 30. júní og tóku gjóskulagasýni úr þverskurði:

Sýni 1. Þunnt dökkt öskulag, sem er óhreyft yfir mannvistarleifum í rúst 1. Þetta er hugsanlega frá Heklugosi 1341?

Sýni 2. Þykkt dökkt lag, e.t.v. blandað sóti? hjá grjótgarði, austast á svæðinu. Þetta er hugsanlega Katla 1500. Þetta lag liggur upp á grjótgarðinn og mun því vera yngra en garðurinn.

Sýni 3. Þunnt dökkt öskulag, um 30 cm fyrir neðan Kötlu 1500. Þetta lag fer undir grjótgarðinn. (Gæti verið miðaldalagið).

Grafið var þversnið frá tóftinni yfir allan garðinn til þess að kanna hvort þar væri að finna nokkrar grafir. Í ljós kom að þar var mjög lítil jarðvegur og engin merki um neitt jarðrask sem hægt væri að tengja gröfum í kirkjugarði.

Grjótgarðurinn sem liggur austan við tóftina virðist hafa verið hlaðinn á 13. 14. eða 15. öld, eða eftir að miðaldalagið féll árið 1226 og áður en aska úr Kötlu 1500 féll.



Mynd 4. Horft til norðurs yfir leifar garðs sunnan og austan við tóftina.



Mynd 5. Horft til austurs. Guðmundur Ólafsson er að kanna jarðlög innan gaðsins sem er austan við tóftina. Skófla liggur upp að austurhlið garðsins. Katla 1500 lá upp á garðinn og Miðaldalagið var undir honum.

Þar sem minjarnar sem fundust virtust ekki tengjast á neinn hátt kirkju Örlygs. Einnig varð ljóst að aurskriður úr fjallinu höfðu runnið yfir allt þetta svæði og gert það illmögulegt að átta sig á því umhverfi og aðstæðum sem voru til staðar fyrr á öldum. Því taldi ég vera allt of flókið að ætla sér að rannsaka frekara umfang og aldur minja á þessu svæði með lítilli rannsókn og ákvað að hætta frekari rannsókn á minjunum. Lauk rannsókninni þann 3. júlí.

Skriðuföll

Greinilegt var þegar flogið var yfir Esjuberg að miklar skriður hafa komið úr fjallinu og árfarveginum ofan við bæinn og lagst yfir stórt svæði austan við núverandi bæjarstæði. Þessar skriður hafa fært í kaf meira eða minna allar minjar sem þar hafa staðið fyrr á öldum, þar með talið leifar svonefndrar kirkjurústar.

Þegar kannaðar voru fornar heimildir, varð líka ljóst að skriðuföll hafi verið þekkt vandamál á Esjubergi.

Í Fitjaannál 1662 segir, að mikið regn og skriður, sem leiddi af því, hafi skemmt margar jarðir hér syðra, svo sem á Esjubergi, og hafi þá tekið af þriðjung af túninu. (Ann II, 192).

1668 féllu aftur miklar skriður á Esjubergi svo að bóndinn flutti burtu. (Ann. II, 215).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir um Esjuberg að „skriður fordjarfa, engjar og úthaga merkilega, so að hætt er bæði mönnum, húsum og fjenaði“, og að leigukúgildi hafi áður verið sex en séu nú fjögur kúgildi, eftir að skriðan spilli jörðinni. (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924:345-356).



Mynd 6. Svarthvít loftmynd af skriðunum austan við bæinn á Esjubergi. Rústaleifarnar markast af dökka svæðinu innan hringsins á myndinni.

Minjar tengdar Kjalnesingasögu

Mikill áhugi hefur lengi verið á minjum sem tengjast frásögn Kjalnesingasögu. Þar á meðal kirkju Örylgs á Esjubergi, hofinu á Hofi á Kjalarnesi og þingstað Kjalarnes-þings. á átjándu og nítjándu öld, í sambandi við aukinn áhuga á fornsögunum fóru men að leita að stöðum sem nefndir voru í sögunum.

Sagt er að á Esjubergi hafi verið laug sem nú mun vera týnd, en talið er að hafi lent í framræsluskurði á fyrri hluta 20. aldar.

Þess má einnig geta að í landi Esjubergs var friðlýst „Grjótdys, sem kölluð hefur verið Dyngja, við gamla reiðveginn, á mel 2 km austur frá bænum.“ Friðlýsingarskjalið er undirritað og þinglýst 1964. Þessi dys var eyðilögð af malarnámi árið 1980 og mun nú alveg horfin. (Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, 1990). Björn Þorsteinsson mun hafa grafið í

dysina og fundið þar bein. Gísli Gestsson og Kristján Eldjárn grófu dysina líklega upp, án þess að finna neitt meira.

Þá má telja líklegt að Kjalarnesþingstaður hafi upphaflega verið á Kjalarnesi. Nefna má í því sambandi t.d. að Árni Magnússon teiknaði kort af Kollafirði þar sem hann staðsetur Kjalarnesþingstað á nesi sem hann kallar Sandnes. Á kortinu er staðurinn auðkenndur sem Þingeyri (Árni Magnússon, 1955:61). Sigurður Vigfússon kannaði minjar á Kjalarnesi með tilliti til Kjalnesingasögu. Hann nefnir að Leiðvöllur sé “spottakorn út frá Mógilsá undir kleyfunum við sjóinn skammt út með Kollafirði að norðan.” Hann segir að langs fyrir ofan eyrina liggi síki; þar upp af að austanverðu er lítil graseyri, sem nú heiti kirkjuflötur; á henni sjást litlar af lítilli tótt og þó mjög óglögg. Þetta séu öll þau mannvirki sem nú sjáist og hafi hann þó leitað vandlega að minjum þarna á svæðinu.¹



Mynd 7. Horft yfir flöt við sjóinn á Kjalarnesi þar sem talið er að Leiðvellur hafi verið til forna. Vinstra megin við veginn var lítil eyri sem nú er þakin sanduppfyllingu frá malarnámu sem þarna var til marga ára (GÓL-2005-4-4).

Í íslensku fornbréfasafni er Esjuberg talið til jarða Viðeyjarklausturs árið 1395. (DI 1897:1395

¹ Sigurður Vigfússon 1881:61-70.

Orrustuhóll, nefnist brattur sandhóll fyrir sunnan bæinn, austan við Eilífsdalsá. Þar var orrusta sem greint er frá í Kjalnesingasögu. Hóllinn var friðlýstur árið 1962

Hof og blótkelda

Hoftóft, svonefnd, suðaustur frá bæjarhlaði hjá tröðinni á Hofi, var friðlýst árið 1930 og þinglýst 1938. Nákvæm staðsetning hofsins er ekki þekkt.

Kirkja Örlygs

Í Landnámu segir einnig frá hinum suðureyska Örlygi Hrappssyni (föðurbróður Helga bjólu). Hann sigldi í kjölfar ættmenna sinna til Íslands. Patrekur biskup hinn helgi, sem hafði fóstorað Örlyg, veitti honum góð ráð og ýtarlegar leiðbeiningar um hvernig hann ætti að haga landnámi sínu. Hann mælti m.a. fyrir um að hann skyldi fara til Íslands og reisa kirkju þar sem sjáist þrjú fjöll af hafi, fjörð milli hvers fjalls og dal í hverju fjalli. Undir hinu syðsta fjalli í skógarrjóðri áttu þrír steinar að vera uppreistir og þar skyldi reisa kirkjuna. Patrekur útvegaði honum kirkjuvið, járnklukku og guðsorðabækur. Hann gaf honum einnig gullmynt og vígða mold til að setja undir hornstólpa hinnar nýju kirkju. Örlygur bjóst til ferðar til Íslands en hreppti hvassviðri og náði landi á Vestfjörðum þar sem skipsmenn dvöldu fyrsta vetrinum og nefndu fjörðinn Patreksfjörð til heiðurs hinum helga manni. Er voraði sigldu þeir suður með vesturströndinni þar til þeir fundu það landmið sem heilagur Patrekur hafði lýst. Tóku Örlygur þá land á Kjalarnesi og hitti fyrir Helga bjólu frænda sinn sem tók honum vel og veitti jarðnæði. Örlygur settist síðan að á Esjubergi og reisti kirkju þá sem hann, að beiðni heilags Patreks, helgaði heilögum Kólumkilla eða Kolumba, þeim er stofnsetti hið sögufræga klaustur árið 563 á eyjunni helgu Iona við Skotlandsstrendur. Hann var postuli Skota og talinn hafa látist árið 597. Sé að marka Kjalnesingasögu, sem fræðimenn hafa ekki að öllu leyti talið örugga heimild, þá er kirkja þessi talin fyrsta kirkja á Íslandi og reist áður en kristni var lögtekin hér. Lýst er þó að árið 1200 var kirkjuhald á Esjubergi. Tvisvar hafa verið gerðir fornleifauppgreftir í því skyni að grafast fyrir um tilvist og aldur kirkjunnar, þ.e. á 19. öld og síðan 1981 án þess þó að finna rústir hennar. Mikil aurskriða hljóp úr Esjunni árið 1886 sem gerir fornleifarannsóknunum á staðnum mun erfiðara fyrir en ella hefði verið. Það má nefna að á þessum slóðum er örnefnið

Í Kjalnesingasögu er eftirfarandi upplýsingar að finna um kirkju á Esjubergi:

Maður hét Örlygur. Hann var írskur að allri ætt. Í þann tíma var Írland kristið. Þar réð fyrir Konofogor Írakonungur. Þessi fyrrnefndur maður varð fyrir konungs reiði.

Hann fór að finna Patrek biskup frænda sinn en hann bað hann sigla til Íslands "því að þangað er nú," sagði hann, "mikil sigling ríkra manna. En eg vil það leggja til með þér að þú hafir þrjá hluti. Það er vígð mold að þú látir undir hornstafi kirkjunnar og plenarium og járnklukku vígða. Þú munt koma sunnan að Íslandi. Þá skaltu sigla vestur fyrir þar til er

fjörður mikill gengur vestan í landið. Þú munt sjá í fjörðinn inn þrjú fjöll há og dali í öllum. Þú skalt stefna inn fyrir hið synnsta fjall. Þar muntu fá góða höfn og þar er spakur formaður er heitir Helgi bjóla. Hann mun við þér taka því að hann er lítill blótmaður og hann mun fá þér bústað sunnan undir því fjalli er fyrr sagði eg þér frá. Þar skaltu láta kirkju gera og gefa hinum heilaga Kolumba. Far nú vel," sagði biskup, "og geym trú þinnar sem best þóttú verðir með heiðnum."

Eftir það býr Örlygur ferð sína og er frá ferð hans það fyrst að segja að allt gekk eftir því sem biskup sagði. Hann tók í Þerneyjarsundi höfn. Síðan fór hann að finna Helga bjólu og tók hann vel við honum. Reisti Örlygur þar nú bú og kirkju og bjó þar síðan til elli. (*Íslendingasögur. Orðstöðulykill og texti*, 1998).

Eftir lát Búa Andriðssonar bjó Helga Þorgrímsdóttir eiginkona hans að Esjubergi með börnum þeirra. Segir í Kjalnesingasögu að þá hafi enn staðið "kirkja sú að Esjubergi er Örlygur hafði látið gera. Gaf þá engi maður gaum að henni. En með því að Búi var skírður maður en blótaði aldrei þá lét Helga húsfreyja grafa hann undir kirkjuveggnum hinum syðra og leggja ekki fémætt hjá honum nema vopn hans". (*Íslendingasögur. Orðstöðulykill og texti*, 1998).

Sú hin sama járnklukka hékk þá fyrir kirkjunni á Esjubergi er Árni biskup réð fyrir stað, Þorláksson, og Nikulás Pétursson bjó að Hofi, og var þá slitin af ryði.

Varðandi kirkju Örlygs þá segir Sigurður Vigfússon að fyrir austan bæinn á Esjubergi sjáist móta fyrir gamalli ferhyrndri girðinginu sem kölluð sé kirkjugarður og þar eigi kirkjan að hafa staðið til forna. Nú sjáist hins vegar lítið eða ekkert móta fyrir kirkjunni inn í garðinum.

Heimildir

Árni Magnússon. (1955). *Chorographica Islandica*. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta Bindi Annar flokkur, I,2. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. (1990). Reykjavík: Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands.

Íslendingasögur. Orðstöðulykill og texti. (1998).

Landnámabók. (1968). *Íslensk fornrit I*. Jakob Benediktsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag